

Föstudaginn 2. desember 1994.

Nr. 338/1994.

Skipabrautin hf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Gunnar Sólves hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Haldsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. júlí 1994, sem barst réttinum 3. ágúst sama ár. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 79. gr., laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ógilt verði nauðungarsala, sem fram fór 14. mars 1994 á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar. Til vara krefst hann þess, „að ákvörðun sýslumanns að hafna boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., verði breytt á þá leið, að boðið verði samþykkt“.

Varnaraðili hefur ekki gert kröfur í málinu fyrir Hæstarétti.

Meðferð málsins hér fyrir dómi hefur verið frestað fram til þessa að beiðni sóknaraðila.

Atvikum málsins er lýst í úrskurði héraðsdóms. Staðfesta ber þá niðurstöðu hans, að uppboðsheimild varnaraðila hafi verið lögmæt og um nauðungarsöluna gildi ákvæði XI. kafla laga nr. 90/1991. Þá verður nauðungarsalan eigi ógilt vegna rangrar tilgreiningar á gerðarþola í beiðninni, enda var hún leiðrétt við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni.

Uppboðsandlagið var í vörslu sóknaraðila á uppboðsdegi. Við nauðungarsöluna lagði sóknaraðili, sem ekki var gerðarbeiðandi, fram haldsréttarkröfu sína, að fjárhæð 22.944.319 krónur, auk innheimtupóknunar og virðisaukaskatts. Í kröfulýsingunni var vísað til 5. gr. smíðasamnings milli sóknaraðila og Gylfa Baldvinssonar frá 4. desember 1990, þar sem segir, að sóknaraðili hafi haldsrétt í bátum og keyptu efni til hans, þar til lokauppgjör hafi farið fram í samræmi við ákvæði samningsins.

Við nauðungarsölu lausafjármuna ber sýslumanni að taka afstöðu til þess samkvæmt 5. mgr. 67. gr. laga nr. 90/1991, hvort boð nægi til þess, að einhver gerðarbeiðenda fái eitthvað í sinn hlut af söluverði. Það ræðst af fyrirbyggjandi kröfum í uppboðsandlagið. Ekki verður til þess ætlast, að sýslumaður sé í færum til að meta umsvifalaust réttmæti kröfulýsinga, sem þá eru fram bornar. Séu þær studdar gögnum og ekki augljóslega rangar eða vafasamar, ber að leggja þær til grundvallar að svo búnu. Frekari meðferð þeirra bíður þá útlutunar söluandvirðis.

Haldsréttarkröfu sóknaraðila var eigi þann veg farið, að hún yrði vefengd án frekari umfjöllunar. Bar sýslumanni því að taka mið af henni við mat á fram komnu boði varnaraðila. Það nægði þá ekki til þess, að varnaraðili fengi eitthvað í sinn hlut af söluverði. Var nauðungarsalan því árangurslaus, þar sem önnur boð komu ekki fram eða voru ekki tekin gild. Ber þannig að fallast á kröfu sóknaraðila um ógildingu nauðungarsölunnar.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Nauðungarsala á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá sóknaraðila, Skipabrautinni hf., sem fram fór hjá sýslumanninum í Keflavík 14. mars 1994, er ógild.

Varnaraðili, Landsbanki Íslands, greiði sóknaraðila 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. júní 1994.

I.

Dómkreöfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining um gildi nauðungarsölu og rekið er samkvæmt XIV. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, var þingfest 22. apríl 1994 og tekið til úrskurðar 3. júní 1994 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, Skipabrautin hf., kt. 691289-3979, gerir þá kröfu aðallega, að ógilt verði nauðungaruppboð sýslumannsins í Keflavík, sem fram fór 14. mars 1994 á starfsstöð sóknaraðila að Fitjabraut 3, Njarðvík, á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum.

Sæti uppboðið ekki ógildingu, er til vara gerð sú krafa, að ákvörðun sýslumanns að hafna boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., verði breytt á þá leið, að boðið verði samþykkt. Jafnframt er þess krafist, að staðfest verði með úrskurði, að sóknaraðili eigi haldsrétt í nýsmíðinni, þar til fullnaðaruppgjör hefur farið fram á verksamningi við Gylfa Baldvinsson, dags. 4. desember 1990, samkvæmt kröfulýsingu sóknaraðila, dags. 18. febrúar 1994, að fjárhæð samtals 23.878.069 kr.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að skaðlausu.

Varnaraðili, Landsbanki Íslands, 710169-1449, gerir þá kröfu, að framangreind nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík verði staðfest. Þá krefst varnaraðili þess, að hafnað verði kröfum sóknaraðila um, að samþykkt verði boð hans í uppboðsandlagið eða að haldsréttarkrafa verði viðurkennd.

Af hálfu varnaraðila er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Málsatvik.

Atvik málsins eru þau, að með bréfum varnaraðila, dags. 31. ágúst 1993, var þess krafist, að nýsmíði nr. 7, stálbátur í smíðum hjá sóknaraðila, yrði seld nauðungarsölu. Gerðarþoli við nauðungarsöluna var tilgreindur sóknaraðili. Varnaraðili studdi kröfu sína við þrjú fjárnám frá 27. júlí 1993 í umræddri nýsmíði, sem fram fóru hjá Gylfa Baldvinssyni til tryggingar kröfum varnaraðila, að fjárhæð samtals 9.383.874,20 kr.

Samkvæmt vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 14. mars 1994, er staðfest, að nýsmíði nr. 7 hafi verið úthlutað skipaskrárnúmerinu 2101 í júní 1990, en skipið hafi hins vegar ekki verið skráð á aðalskipaskrá.

Með bréfum, dags. 18. febrúar og 11. mars 1993, var nauðungarsölu á smíðinni mótmælt af hálfu sóknaraðila. Voru mótmælin m. a. studd því, að sóknaraðili væri eigandi smíðinnar og að með nauðungarsöluandlagið væri ranglega farið sem lausafé. Þá var nauðungarsölunni einnig andmælt með bréfum, dags. 14. mars 1994, af hálfu Iðnþróunarsjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, sem ekki eru aðilar að máli þessu. Samkvæmt þinglýsingarvottorði sýslumannsins í Keflavík, dags. 1. febrúar 1994, vegna nýsmíði nr. 7 var samningi, dags. 4. desember 1990, þinglýst á eignina 9. mars 1992, en samkvæmt þeim samningi skuldbindur sóknaraðili sig til að smíða fiskibát úr stáli á kostnað áður nefnds Gylfa Baldvinssonar. Á eigninni hvíla einnig samningsveð varnaraðila og þau aðfararveð, sem lágu til grundvallar

kröfu um nauðungarsölu. Hins vegar hafa verið afmáð samningsveð Iðnþróunarsjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Samkvæmt áðurgreindum samningi, dags. 4. desember 1990, tók sóknaraðili að sér á kostnað Gylfa Baldvinssonar að smíða fiskibát úr stáli, sem fékk smíðanúmer 7 hjá sóknaraðila. Kaupverð bátsins var 24.770.000 kr., sem greiða skyldi með misháum afborgunum allt frá undirritun samnings og eftir því, sem smíðinni miðaði áfram. Lokagreiðslu skyldi inna af hendi við afhendingu bátsins, sem átti að fara fram 16. mars 1991, auk þess sem þá skyldi jafnframt fara fram uppgjör á öllum reikningum, sem til hefðu fallið á smíðatíma. Í samningnum er mælt fyrir um, að sóknaraðili hafi haldsrétt í bátnum og keyptu efni, þar til lokauppgjör hafi farið fram.

Með bréfi, dags. 18. febrúar 1994, lýsti sóknaraðili kröfu, að fjárhæð samtals 23.878.069 kr., í uppboðsandvirði nýsmíðinnar, og var kröfunni lýst sem haldsréttarkröfu, er gengi frammar öllum veðböndum, hvort sem væri samnings- eða aðfararveðum. Var krafan reist á áðurgreindum samningi um smíðina, en hann hefði verið vanefndur og framkvæmdir því legið niðri frá seinni hluta árs 1991.

Krafa varnaraðila um nauðungarsölu á nýsmíði nr. 7 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Keflavík 28. febrúar 1993. Við fyrirtökuna tók sýslumaður þá ákvörðun, að nauðungarsala á smíðinni færi fram 14. mars 1994, þrátt fyrir fram komin andmæli sóknaraðila. Við fyrirtöku málsins 14. mars 1994 höfðu sýslumanni einnig borist áðurgreind mótmæli Iðnþróunarsjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Þá mótmælti sóknaraðili einnig sérstaklega, að hann væri gerðarþoli samkvæmt kröfu varnaraðila um nauðungarsölu, en samkvæmt endurritum sýslumanns frá umræddum fyrirtektum var gerðarþoli tilgreindur Gylfi Baldvinsson. Að fengnum þessum andmælum fór nauðungarsalan allt að einu fram, og var varnaraðila slegin eignin á 15.000.000 kr. Af hálfu sóknaraðila var boðið 16.000.000 kr., en því boði ekki tekið, þar sem greiða átti með inneign samkvæmt haldsréttarkröfu. Þessu var mótmælt af hálfu sóknaraðila, sem geymdi sér rétt til að bera uppboðsaðgerðir sýslumanns undir héraðsdóm.

Með bréfi, sem barst dóminum 22. mars 1993, leitaði sóknaraðili úrlausnar dómsins um gildi nauðungarsölnnar. Málið var þingfest 22. apríl 1994 að undangenginni lögmætri boðun til allra aðila nauðungarsölnnar. Aðrir aðilar nauðungarsölnnar en aðilar máls þessa hafa ekki tekið þátt í rekstri málsins.

Málsástæður aðila.

Sóknaraðili reisir aðalkröfu sína á því, að nauðungarsalan á nýsmíði nr. 7 hefði átt að fara fram samkvæmt ákvæðum 2. þáttar laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, en ekki XI. kafla laganna. Um sé að ræða 9,9 tn. skip, sem hafi fengið úthlutað skipaskrárnúmeri og falli því undir ákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna.

Við munnlegan flutning málsins hélt sóknaraðili því einnig fram, að fjárnámsgerðir þær, sem legið hefðu til grundvallar nauðungarsölu, fullnægðu ekki skilyrðum laga nr. 90/1989 um aðför og 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, þar sem ekki yrði ráðið af endurritum gerðanna, að þær stöfuðu frá til þess bæru yfirvaldi. Þá hefði 16. gr. laga 90/1989 ekki verið gætt. Enn fremur hélt sóknaraðili því fram, að nauðungarsöluna bæri að ógilda, þar sem varnaraðili kæmi ekki til með að fá neinu úthlutað upp í kröfu sína, sbr. 5. mgr. 67. gr. laga nr. 90/1991. Af hálfu varnaraðila var þessum málsástæðum mótmælt sem of seint fram komnum.

Hvorki í greinargerð né við munnlegan flutning málsins hefur sóknaraðili fært fram lagarök fyrir varakröfu sinni um, að breytt verði þeirri ákvörðun sýslumanns að hafna boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr.

Sóknaraðili heldur því fram, að þar sem fjárfrafa sú, er hann lýsti í nauðungarsöluandvirðið, hafi ekki sætt andmælum, verði hún lögð til grundvallar í máli þessu. Til tryggingar kröfunni sé haldsréttur í smíðinni, þar til fullnaðaruppgjör hefur farið fram, og gerð sé krafa um, að þessi réttur verði viðurkenndur.

Varnaraðili vísar til þess, að nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík á nýsmíði nr. 7 hafi farið fram með lögmætum hætti og varnaraðili því orðið eigandi hins selda hlutar með því að greiða nauðungarsöluandvirðið, 15.000.000 kr. Þá hafi þær fjárnámsgerðir, sem voru grundvöllur sölunnar, farið fram lögum samkvæmt. Nauðungarsalan hafi réttilega farið fram samkvæmt ákvæðum XI. kafla laga nr. 90/1991, enda sé smíðinni ekki lokið og báturinn ekki færður inn á aðalskipaskrá.

Af hálfu varnaraðila er mótmælt sem röngu, að kröfu sóknaraðila í nauðungarsöluandvirðið hafi ekki verið andmælt. Sú afstaða sýslumanns að taka ekki boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., og að greitt yrði með inn eign samkvæmt haldsréttarkröfu, feli í sér andmæli gegn kröfunni. Þá hafi varnaraðili ekki mótmælt kröfunni við nauðungarsöluna, enda hafi ætlunin verið að gera slíkt við úthlutun nauðungarsöluandvirðis.

Niðurstaða.

Í beiðnum varnaraðila, dags. 31. ágúst 1993, um, að sýslumaðurinn í Keflavík selji nauðungarsölu stálbát í smíðum hjá sóknaraðila, er sóknaraðili tilgreindur gerðarþoli við sölu. Samkvæmt samningi sóknaraðila og Gylfa Baldvinssonar, dags. 4. desember 1990 og þinglýstum 9. mars 1992, tekur sóknaraðili að sér að smíða bát á kostnað nefnds Gylfa. Þykir verða að túlka þann samning svo, að Gylfi Baldvinsson sé eigandi smíðinnar, eftir því sem henni vindur fram, enda hefði að öðrum kosti verið ástæðulaust fyrir sóknaraðila að áskilja sér haldsrétt í smíðinni, svo sem hann gerði í samningnum um smíðina. Varnaraðili krafðist fjárnáms í smíðinni til tryggingar á skuldum Gylfa Baldvinssonar, og því bar varnaraðila að tiltaka hann sem gerðarþola í beiðni um nauðungarsölu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Þessa var ekki gætt við upphafsathugun málsins hjá sýslumanni, svo sem skylt var, sbr. 13. gr. laganna. Þegar hins vegar er virt, að í rekstri máls þessa hefur sóknaraðili ekki haft uppi andmæli af þessum sökum og að gerðarþoli hefur ekki tekið þátt í rekstri málsins þrátt fyrir lögmæta boðun, verður nauðungarsalan ekki ógilt á þessum grundvelli.

Sóknaraðili heldur því fram, að nauðungarsölu á smíðinni beri að ógilda, þar sem nauðungaruppboðið hafi ranglega farið fram sem um lausafé væri að ræða samkvæmt XI. kafla laga nr. 90/1991. Í málinu liggur fyrir, að smíðin hefur ekki verið færð á aðalskipaskrá, sbr. lög nr. 115/1985 um skráningu skipa. Því verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að fara hefði átt með nauðungarsöluna samkvæmt reglum 2. þáttar laganna um nauðungarsölu á fasteignum o. fl., sbr. 2. mgr. 17. gr.

Þær fjárnámssgerðir, sem varnaraðili studdi kröfu sína um nauðungarsölu við, voru framkvæmdar af Birni Rögnvaldssyni, löglærðum fulltrúa sýslumannsins á Akureyri. Gerðirnar fóru því fram af til þess bæru yfirvaldi í því umdæmi, sem gerðarþoli átti heimilisvarnarþing.

Í samræmi við 1. mgr. 68. gr. laga nr. 90/1991 hefur sýslumaðurinn í Keflavík ekki úthlutað nauðungarsöluandvirði, þar sem dómsmál er rekið um gildi sölunnar. Að svo komnu máli verður því ekki fullyrt, að varnaraðili komi ekki til með að fá úthlutað upp í kröfur sínar og að salan sé árangurslaus, sbr. 5. mgr. 67. gr. laganna, svo sem sóknaraðili heldur fram.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila um, að ógilt verði nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík á bát í smíðum hjá sóknaraðila, sem fram fór 14. mars 1993.

Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1991 verða ekki hafðar uppi í máli,

sem rekið er samkvæmt XIV. kafla laganna, aðrar kröfur en varða ógildingu nauðungarsölu eða viðurkenningu á gildi hennar svo og kröfur um greiðslu málskostnaðar. Þegar af þessari ástæðu ber að hafna varakröfu sóknaraðila varðandi afstöðu sýslumanns til boðs hans í smíðina og kröfu hans um, að viðurkenndur verði haldsréttur í eigninni, en slík krafa getur komið til álita við úthlutun nauðungarsöluandvirðis.

Í bréfi því, sem sóknaraðili leitar úrlausnar dómsins um gildi umræddrar nauðungarsölu, gerir hann þá kröfu, að uppboðsandlagið verði tilgreint, réttindi uppboðspóla, Gylfa Baldvinssonar, til nýsmíðinnar, samkvæmt samningi hans og sóknaraðila, dags. 4. desember 1990, og að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila til að ljúka smíðinni samkvæmt samningnum á kostnað hæstbjóðanda. Hvorki í greinargerð né við munnlegan flutning málsins var þessi krafa höfð uppi, en þá voru kröfur sóknaraðila ýtarlega færðar til bókar. Þykir því verða að líta svo á, að fallið hafi verið frá þessari kröfu.

Það athugast, að allur málaltilbúnaður sóknaraðila hefur verið óglöggur og á reiki, en það þykir þó ekki hafa staðið í vegi þess, að málið yrði úrskurðað að efni til.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 kr. í málskostnað.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Skipabrautarinnar hf., um, að ógilt verði nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík frá 14. mars 1994 á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá sóknaraðila, er hafnað.

Hafnað er kröfum sóknaraðila um, að breytt verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Keflavík frá 14. mars 1994 að taka ekki boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., í nýsmíði nr. 7 og að viðurkenndur verði haldsréttur í smíðinni.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 kr. í málskostnað.